Mismunandi brotkorn basalt, gróf og fín brotkorn frá móbergi og/eða seti (mynd 9.43). Þetta er set og gler frá setkenndu millilagi og nokkur korn frá basaltlagi. Holufyllingar: mest kalsít og kvars, einnig finnst pyrít og zeolítar.

Þunnsneið nr. 2156, MG-06, dýpi 888.0 m.

Móberg, mest blöðrótt túff og/eða settúff (mynd 10.43), einnig er nokkuð af basalti fínu og grófu. Ummyndun: allt siderómelan er eitthvað ummyndað mest yfir í grænan leir með lágu tvíbroti, klórít, einnig finnst leir með háu tvíbroti, blandlag, og nokkuð er um palagónít (mynd 11.43). Holufyllingar: kvars, kalsít, laumontít (zeolítar), analsím og talsvert af pyríti.

Þunnsneið nr. 4645, MG-06, dýpi 922.0 m.

Mest brotkorn frá móbergi, ummyndað gler af ýmsu tagi (mynd 12.43) og nokkuð af basalti bæði grófu og fínu sem gæti verið hluti af móberginu því það finnast glertæjur á sumum basaltbrotkornum. Holufyllingar: kvars, kalsít, zeolítar, prenít og pyrít.

Punnarneið nr. 4646, MG-06, dýpi 942.0 m.

Móberg, sennilega móbergssæt þar sem verulegur hluti dreifikornanna er stærri en brotkorna-stærðin. Dreifikornin í setinu eru samskonar og brotkornin í móberginu á mynd 13.43. Einnig er nokkuð af grófum basaltbrotkornum (mynd 14.43), gæti verið farið í gegnum þunnan gang. Holufyllingar: kvars, kalsít, laumontít, zeolítar, pyrít og epidót.

Punnarneið nr. 4647, MG-06, dýpi 988.0 m.

Sneiðin of þykk, smá brotkorn. Þetta virðist vera blanda af móbergi og ólívínþóleíti (mynd 15.43). Holufyllingar: kalsít, kvars og pyrít.

Punnarneið nr. 4648, MG-06, dýpi 1020.0 m.

Meðalgróft til gróft basalt, ólívínþóleítbasalt (mynd 16.43). Nær ekkert af holufyllingum: kalsít og kvars.

Punnarneið nr. 2575, MG-06, dýpi 1112.0 m.

Langmest móberg með nokkrum grófum basaltbrotkornum, móbergið er mest blöðrótt ummyndað gler með plagióklasnalum (myndir 18.43 og 19.43). Ummyndun: hluti glersins er ummyndað yfir í mismunandi grænan leir með mishátt tvíbrot. Leirinn á mynd 19.43 er tvenns konar blandlagsleir og klórít og virðist vera útfelling og ummyndun út frá blöðrum. Holufyllingar: kalsít, analsím, kvars, prenit og vottur af pyríti og epidóti.

Punnarneið nr. 4649, MG-06, dýpi 1202.0 m.

Blanda af móbergi og ólívínþóleítbasalti (mynd 17.43), sumt af þessum svörtu brotkornum á mynd 17.43 er mjög fínt glerjað basalt (ólívínþóleít og millilag). Holufylling: laumontít, mesólít, kvars, kalsít, epidót og pyrít.

Punnarneið nr. 2576, MG-06, dýpi 1226.0 m.

Gróft ferskt basalt, dólerít (mynd 20.43 og 21.43), einnig eru nokkur brotkorn frá lögnum fyrir ofan. Mjög lítið af holufyllingum: kvars, kalsít, zeolítar (laumontít), vottur af prenit.

Punnarneið nr. 4650, MG-06, dýpi 1246.0 m.

Sneiðin er of þykk og sjást mest svört brotkorn í venjulegu ljósi en með notkun keilulinsu sést að þetta er mest grænn leir. Þetta er sennilega mest frá móbergi með nokkrum grófkristölluðum basaltbrotkornum (mynd 22.43). Holufyllingar: kalsít, kvars, epidót, laumontít o.fl. zeolítar og vottur af súlfíði, sennilega ekki pyríti, silfurgljái.

Punnarneið nr. 2157, MG-06, dýpi 1374.0 m.

Blanda af brotkorni frá móbergi og meðalgrófu basalti (mynd 23.43), einnig er nokkuð af fínkristölluðu fersklegu basalti (mynd 1.44). Ummyndun: nokkur hluti glersins er farinn yfir í grænan leir sem sést í venjulegu ljósi (mynd 2.44), en meginhluti glersins er brúnt til svart og virðist vera ummyndað takkylít, svo er þó ekki því að þetta er nær allt ummyndun yfir í grænan leir sem sést vel með keilulinsu líkt og ummyndun frá fína basaltinu. Þó er verulegur hluti grunnmassans farinn yfir í grænleitan leir (mynd 3.44). Lítil ummyndun er í grófa basaltinu, sennilega frá gangi. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít og pyrít.

1.3 Þunnsneiðalýsing frá MG-07

Þunnsneið nr. 2158, MG-07, dýpi 70.0 m.

Það virðist vera tvennskona basalt, meðalgróft ólivínþóleiít og fínkristallað basalt, þóleiít-basalt, en þetta gæti verið frá sama lagi því þessar kristalgerðir sjást einnig í einu og sama brotkorni (mynd 4.44). Ummyndun: nokkur hluti pyroxen grunnmassans er farinn yfir í rauðbrúnan leir (mynd 5.44). Holufyllingar: stilbít, kabasít, analsím og kalsít. Búið er að punkttelja í þessari sneið, fínt basalt (38%), meðalgróft (17%), gróft (1%), fjaðrað (4%), svart gler (2%), zeolítar (2%) leir (9%) og leirummyndun í basalti (29%).

Þunnsneið nr. 4653, MG-07, dýpi 194.0 m.

Mjög oxað takkylítískt blöðrótt gler og fínt glerkennt basalt, einnig er nokkuð af þóleiítbasalti misjafnlega grófu (mynd 1.45). Gæti verið frá bólstrabergi. Holufyllingar: stilbít, skólesít og kalsít.

Þunnsneið nr. 4654, MG-07, dýpi 226.0 m.

Meðalgróft til gróft basalt, ólivínþóleiítbasalt og nokkur fínkristölluð basaltbrotkorn (mynd 6.44). Ummyndun: fremur lítill hluti pyroxens farinn yfir í rauðbrúnan leir, gæti verið gangur. Einnig er nokkur oxun í takkylítbrotkornum. Nær engar holufyllingar en vottur af kalsíti.

Þunnsneið nr. 2577, MG-07, dýpi 286.0 m.

Túff og/eða túffkennt set, hlutkristallað ummyndað basalt fremur gróft (mynd 7.44), einnig eru nokkur brotkorn af grófu basalti. Ummyndun: verulegur hluti pyroxens er farinn yfir í rauðbrúnan leir með háu tvíbroti, smektít (illít) (mynd 8.44). Lítið af holufyllingum: kvars, kalsít og zeolítar.

Þunnsneið nr. 4655, MG-07, dýpi 346.0 m.

Brotkorn af mismunandi tagi, fínt og gróft basalt túffkennt brotkorn og holufyllingar (mynd 12.44), fínkristallaða basaltbrotkornið fyrir miðju á mynd 12.44 er með ummyndunarrönd, gæti verið frá seti. Sennilegast eru þetta tvö basaltlög ásamt millilagi. Holufyllingar: stilbít, skólesít, mordenít, analsím, kvars og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 2578, MG-07, dýpi 358.0 m.

Þetta virðist vera mjög ummyndað ólivínþóleiítbasaltlag þar sem stór hluti bergsins er ummyndaður yfir í rauðbrúnan leir með háu tvíbroti og sterkt pleóklórískt rauðabrúnan leir (myndir 9.44 og 10.44), smektít. Á mynd 11.44 er holufylling úrfjöðruðum grænum leir með háu tvíbroti, illít? Holufyllingar: kvars, stilbít, mordenít og vottur af kalsíti.

Þunnsneið nr. 4656, MG-07, dýpi 502.0 m.

Mest meðalgróft til gróft basalt ólivínþóleiít misjafnlega ummyndað (mynd 13.44), jafnvel dólerít. Ummyndun er misjöfn en víða virðist plagíóklasinn vera verulega ummyndaður af leir og kalsíti (mynd 14.44). Holufyllingar: stilbít, skólesít, mordenít, kalsít, analsím og epistilbít.

Þunnsneið nr. 2159, MG-07, dýpi 550.0 m.

Mest fínkristallað basalt, þóleiítbasalt (mynd 15.44). Ummyndun: verulegur hluti pyroxen glergrunnnsins er farinn yfir í grænan og brúnan leir (mynd 16.44). Það hefur verið punkttalið í

Þessari sneið: fínt basalt (44%), meðalgróft (18%), gróft (5%), fjaðrað svart gler (4%), kalsít (2%), zeolítar (11%), leir (13%), leirummyndun í basalti (4%). Holufyllingar: vottur af kalsíti og kvarsí, laumontít, stílbít, kvars, kalsít, mesólít, analsím og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 4657, MG-07, dýpi 634.0 m.

Móberg, takkylít, siderómelan, fínt og gróft basalt misjafnlega glerjað og holufyllingar (mynd 17.44). Grófa basaltið virðist tilheyra móberginu því það finnst millistig milli grófa basaltsins og takkylítiska glersins (mynd 18.44). Holufyllingar: laumontít, stílbít, kvars, kalsít, mesólít og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 2579, MG-07, dýpi 668.0 m.

Túff og settúff, nær allt ummyndað siderómelan þar sem dreifikornastærðin er bæði stærri og minni en brotkornastærðin (myndir 19.44 og 20.44) settúff með analsím, kalsít og leir sem bindiefni. Holufyllingar og bindiefni: kalsít, analsím, kvars, epistílbít og stílbít.

Þunnsneið nr. 2580, MG-07, dýpi 720.0 m.

Móberg, siderómelan, takkylít o.fl. (mynd 21.44) t.d. settúff (mynd 22.44). Holufyllingar: kalsít, laumontít, analsím, kvars og vottur af preníti, mesólít.

Þunnsneið nr. 2160, MG-07, dýpi 802.0 m.

Mjög blönduð brotkorn, fínt basalt, ummyndað siderómelan, takkylít. Ekki eru skýr mörk á milli fína basaltsins og takkylíts, nokkuð af grófu basalti (mynd 23.44). Þessi sneið hefur verið punkttalin: Fínt basalt (15%), meðalgróft (8%), gróft basalt (2%), hlutkristallað basalt (8%), takkylít (25%), plagíóklas (1%), pyroxen spor, siderómelan (26%), settúff (1%), leir í basalti (1%), kalsít (2%), zeolítar (8%), kvars spor. Hluti af takkylítinu er mjög fínkristallað glerjað basalt. Þetta er basaltlag ásamt túffkenndu millilagi. Holufyllingar: laumontít, stílbít, kalsít, mesólít, kvars, analsím, pyrít og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 4658, MG-07, dýpi 870.0 m.

Mest fínkristallað basalt og oft svolítið glerjað á köflum (mynd 24.44). Lítið af holufyllingum: kalsít, kvars, mesólít, zeolítar og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 4659, MG-07, dýpi 904.0 m.

Fínt og gróft basalt, takkylít o.fl. (mynd 25.44). Einnig er nokkuð af blöðróttu siderómelani á mynd 2.45. Holufyllingar: analsím (mynd 2.45), laumontít, kalsít og kvars.

Þunnsneið nr. 4660, MG-07, dýpi 960.0 m.

Móberg, ummyndað siderómelan, takkylít og nokkur basaltbrotkorn (mynd 3.45), hluti af svörtum brotkornunum á mynd 3.45 eru mjög fínkristallað glerjað basalt (mynd 4.45), en í öllu glerinu eru plagíóklaslistar. Holufyllingar: laumontít, kvars, kalsít, járnoxíð og vottur af pyríti.

Þunnsneið nr. 4661, MG-07, dýpi 1020.0 m.

Móberg, mikið takkylít og glerjað basalt (mynd 5.45), sneiðin er slæm. Holufyllingar: kalsít, kvars og laumontít (tomsónít).

Punnsneið nr. 4662, MG-07, dýpi 1060.0 m.

Brotkorn frá móbergi og dóléríti (mynd 6.45), einnig er talsvert af fínu basalti (mynd 7.45). Holufyllingar: kalsít, laumontít, kvars og pyrít.

Punnsneið nr. 4663, MG-07, dýpi 1188.0 m.

Móberg og mismunandi gróft basalt (mynd 8.45). Það er aðallega tvennskonar basalt, gróft ferskt og fínt ummyndað (mynd 9.45). Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, analsím, zeolítar og spor af pyríti.

Punnsneið nr. 2581, MG-07, dýpi 1300.0 m.

Mismunandi basalt að grófleika, einnig eru mismunandi plagíóklaslistar í basaltinu (mynd 10.45), einnig er nokkuð af takkylíti með plagíóklaslista. Þetta gæti verið frá þremur basaltlögum og eitthvað af karga og seti, grófasta basaltið er sennilega frá gangi. Holufyllingar: kalsít, kvars, pyrít og vottur af epidóti (mynd 11.45).

Punnsneið nr. 2161, MG-07, dýpi 1460.0 m.

Mest brotkorn frá blöðróttu túffi (mynd 12.45), sumsstaðar er vottur af settúffi, einnig er nokkuð af fínu og grófu basalti (mynd 13.45). Það hefur verið punkttalið í þessari sneið: ummyndað siderómelan (44%), takkylít (6%), hlutkristallað basalt (2%), fínt basalt (7%), meðalgróft basalt (13%), gróft basalt (1%), leirummyndun í basalti (5%), plagíóklas (1%), kalsít (4%), zeolítar (15%), kvars (4%). Líklega er magn zeolíta ofmetið á kostnað kvars því það er mikið af blönduðum fyllingum og verður kvars þar minna áberandi. Holufyllingar: kvars, kalsít, laumontít, stilbít, zeolítar, pyrít og analsím.

Punnsneið nr. 4664, MG-07, dýpi 1482.0 m.

Sneiðin er nánast ónýtt. Þetta virðist vera blanda af basalti og móbergi (mynd 14.45). Holufyllingar: kalsít, kvars, skólesít, laumontít.

1.4 Punnsneiðalýsing frá MG-08

Punnsneið nr. 2162, MG-08, dýpi 160.0 m.

Móberg, mest hlutkristallað basalt (ólívínþóleítt) (myndir 15.45 og 24.4). Þetta er misjafnlega kristallað, fer alveg yfir í vel kristallað ólívínþóleítt (mynd 4.4). Það hefur verið punkttalið í þessari sneið. Hlutkristallað basalt (53%), ummyndað siderómelan (22%), fínt (1%), meðalgróft basalt spor, ferskt siderómelan spor, kalsít (3%), zeolítar (17%), analsím (1%) og leirummyndun í basalti (1%). Ummyndun: veruleg oxun, verulegur hluti fjaðurpyroxens í hlutkristallaða basaltinu er ummyndaður yfir í rauðbrúnan leir, siderómelanið er nær allt ummyndað yfir í palagónít og grænan leir, þó sést vottur af fersku gleri (mynd 16.45) og sumsstaðar sjást spor eftir plagíóklas, leir ummyndun af plagíóklas (mynd 17.45). Holufyllingar: aðal zeolítinn er stilbít, en einnig mesólít o.fl., analsím, kalsít, pyrít og járnnoxíð.

Punnsneið nr. 4665, MG-08, dýpi 218.0 m.

Blanda af meðalgrófu til grófu basalti og brotkorn frá móbergi (mynd 18.45). Sneiðin er hálfónýtt, of þunn og meginhluti grunnmassans er slípaður burt. Ummyndun: nokkur hluti pyroxens er farinn yfir í rauðbrúnan leir, en einnig er sumsstaðar kalsítummyndun sem étur bæði

pyroxen og plagióklas (mynd 19.45). Lítið af holufyllingum: kalsít og mesólít.

Punnsneið nr. 2582, MG-08, dýpi 384.0 m.

Blöðrótt túff (mynd 20.45). Ummyndun: allt siderómelan er ummyndað yfir í brúnt til rauð-brúnt palagónít og hluti er ummyndaður yfir í brúnan leir með allháu tvíbroti, en í blöðrum rauðbrúnn fjaðraður leir með háu tvíbroti sem gæti verið að hluta holufylling (mynd 21.45). Mjög lítið er af holufyllingum: kalsít, kvars, leir og vottur af mesólíti finnst í blöðrum (mynd 22.45).

Punnsneið nr. 2583, MG-08, dýpi 446.0 m.

Móberg, hlutkristallað basalt, takkylít, siderómelan og nokkur basaltbrotkorn (mynd 23.45). Ummyndun: talsverð ummyndun er í hlutkristallaða basaltinu og siderómelani (mynd 24.45). Holufylling: kalsít, kvars, laumontít, stílbít, zeolítar, pyrít og járnoxíð.

Punnsneið nr. 4666, MG-08, dýpi 456.0 m.

Mest túff og/eða settúff (mynd 25.45). Holufyllingar og bindiefni: kalsít, laumontít, kvars, zeolítar og járnoxíð. Lítið af holufyllingum.

Punnsneið nr. 4667, MG-08, dýpi 474.0 m.

Mest settúff, bindiefni: analsím (mynd 1.46), kalsít, zeolítar og leir (mynd 2.46). Holufyllingar: kalsít, analsím, mesólít, zeolítar.

Punnsneið nr. 2163, MG-08, dýpi 532.0 m.

Móberg (mynd 3.46). Punkttafning: hlutkristallað basalt (30%), takkylít (18%), siderómelan (23%), fínt basalt (2%), meðalgróft (3%), leirumyndun í basalti (1%), kalsít (9%), zeolítar (14%), spor af fersku gleri og seti (mynd 3.46). Töluverð ummyndun er í hlutkristallaða basaltinu og er hluti grunnmassans farinn yfir í brúnan leir með háu tvíbroti smektít (myndir 4.46 og 5.46). Holufyllingar: kalsít, kvars, mikið af því sem talið er sem zeolítar er kvars, þetta stafar af því að kvars og zeolítar eru saman í brotkorninu, zeolítar, mesólít, laumontít, stílbít, epistílbít, analsím, pyrít og járnoxíð.

Punnsneið nr. 4668, MG-08, dýpi 692.0 m.

Mest fínkristallað basalt og takkylít (mynd 6.46). Basaltið er með dreifða plagióklasdíla (mynd 7.46). Ummyndun: verulegur hluti grunnmassans er farinn yfir í brúnan og grænan leir með lágu tvíbroti, klórít (mynd 7.46). Lítið af holufyllingum: kalsít, zeolítar, laumontít.

Punnsneið nr. 2584, MG-08, dýpi 734.0 m.

Móberg, ummyndað gler og glerjað basalt (mynd 8.46). Ummyndun: mikill hluti glersins er ummyndað yfir í grænt palagónít og grænan leir með lágu tvíbroti (mynd 9.46). Mikið af holufyllingum: kalsít, kvars og járnoxíð.

Punnsneið nr. 4669, MG-08, dýpi 812.0 m.

Mest meðalgrófkristallað basalt, ólívínþóleiút (mynd 10.46). Basaltið er nokkuð ferskt. Þetta gæti verið frá gangi, einnig er nokkuð af brotkornum frá finu basalti og móbergi eða millilagi. Holufyllingar: kalsít, laumontít, zeolítar.

Punnsneið nr. 2164, MG-08, dýpi 942.0 m.

Það er langmest ummyndað túff siderómelan (mynd 11.46). Punkttalning: Ummyndað siderómelan (62%), hlutkristallað basalt (6%), takkylít (5%), fínt basalt (6%), meðalgróft (5%), gróft (1%), klórítummyndun í basalti (1%), kalsít (6%), zeolítar (5%), ópall og kvars. Nokkuð er af settúffi, bindiefnið er analsím (mynd 12.46), fleiri setbrotkorn sjást á mynd 11.46. Ummyndun: meginhluti siderómelans er farinn yfir í grænan leir. Holufyllingar: kalsít, laumontít, heulandít, mesólít, zeolítar, kvars (meira en talningin segir) og járnoxíð.

Punnsneið nr. 2585, MG-08, dýpi 1184.0 m.

Blanda af fínu basalti og brotkornum sem gætu verið frá móbergi eða millilagi (mynd 13.46), einnig eru nokkur brotkorn frá grófum basaltgangi. Ummyndun er misjöfn frá einu brotkorni til annars og þar sem hún er mest hefur meginhluti pyroxengrunns farið yfir í leir, einnig er meginhluti plagióklaslistanna horfinn (mynd 14.46). Holufyllingar: kalsít, kvars, mesólít, zeolítar, járnoxíð og pyrít.

Punnsneið nr. 4670, MG-08, dýpi 1226.0 m.

Tvenns konar basalt fínt og meðalgróft (mynd 15.46) og nokkuð af brotum frá millilagi. Ummyndun: grófara basaltið er sennilega frá gangi og er allmikið ummyndað (mynd 16.46). Holufyllingar litlar: kabasít, kvars, epidót og zeolítar.

Punnsneið nr. 4671, MG-08, dýpi 1282.0 m.

Margskonar brotkorn eru mest frá móbergi, fínt og gróft basalt (mynd 17.46). Þetta eru tvö basaltlög og millilag eða gangur, basaltgangar millilag. Holufyllingar: epidót (mynd 17.46), prenit, kalsít, kvars, stílbít, vottur af pyríti og járnoxíði.

Punnsneið nr. 4672, MG-08, dýpi 1444.0 m.

Einna mest takkylítísk brotkorn. Mynd 18.46 gefur ekki alveg rétta mynd af samsetningu bergsins, þannig að það er mun meira takkylít í sneiðinni en kemur fram á þeirri mynd. Þar er mest af settúffi og fínu basalti, auk þess gróft basalt og takkylít. Holufyllingar: epidót, stílbít, kvars, laumontít, prenit, laumontít og járnoxíð.

Punnsneið nr. 4673, MG-08, dýpi 1480.0 m.


Mest af meðalgrófu basalti (mynd 19.46) einnig er talsvert af brotkornum frá móbergskenndu millilagi. Holufyllingar: kvars, epidót, kalsít og zeolítar.

Punnsneið nr. 2165, MG-08, dýpi 1546.0 m.


Mismunandi brotkorn (mynd 20.46). Punkttalning: fínt basalt (9%), meðalgróft (13%), gróft (8%), ummyndað siderómelan (37%), takkylít (7%), hlutkristallað basalt (2%), leirumyndun í basalti (7%), plagióklas (1%), kalsít (5%), zeolítar (7%), kvars (2%), epidót (2%), prenit (1%), pyrítspor. Eins og sést á punkttalningunni er talsvert af holufyllingum: kalsít, mordenít, tomsónít, laumontít, zeolítar, analsím, kvars, epidót, prenit. Á myndum 21.46 og 22.46 er prenit - epidót, pyrít og járnoxíð.

VIÐBÆTIR I


SKALAR




Viðsjá




Skali 4 x 1




Skali 2,5x10



Skali 4 x 10



Skali 10 x 10



Skali 25 x 10

VIÐBÆTIR II

Þunnsneiðar og myndaskrá

Punnarneio nr.	Hola	Dýpi (m)	Myndir
6608	MG-04	106	14-3 , 21-3
6609	MG-04	126	15-3 , 22-3 , 13-40
6610	MG-04	200	23-3 , 1-4 , 2-4 , 14-40
6611	MG-04	254	24-3 , 3-4 , 15-40
6612	MG-04	326	9-4 , 18-4 , 16-40
6613	MG-04	452	17-40, 18-40, 19-40
6614	MG-04	470	20-40
1783	MG-04	630	5-41 , 6-41
6615	MG-04	658	21-40, 22-40
6616	MG-04	702	23-40, 24-40
6617	MG-04	742	25-40, 1-41
6618	MG-04	792	3-41 , 4-41
6619	MG-04	810	7-41 , 8-41
6620	MG-04	850	9-41 , 10-41
6621	MG-04	938	11-41
6622	MG-04	956	12-41
6623	MG-04	980	13-41
6624	MG-04	1006	14-41
6625	MG-04	1072	15-41
6626	MG-04	1098	16-41
6627	MG-04	1120	17-41, 18-41
6628	MG-04	1210	19-41
1786	MG-04	1306	20-41, 21-41, 22-41, 1-42
1787	MG-04	1322	2-42 , 3-42 , 4-42
2154	MG-06	168	5-4 , 5-42 , 6-42
4634	MG-06	202	10-4 , 7-42 , 8-42
4635	MG-06	270	11-4 , 21-4 , 9-42
4636	MG-06	320	12-4 , 13-4 , 22-4 , 10-42
2570	MG-06	340	15-42, 16-42
4637	MG-06	376	11-42, 12-42, 13-42
4638	MG-06	428	14-4 , 15-4 , 23-4 , 14-42
2571	MG-06	440	17-42, 18-42
4639	MG-06	458	19-42, 20-42
2572	MG-06	474	21-42, 22-42, 23-42
4640	MG-06	510	24-42
2155	MG-06	560	25-42, 26-42
4641	MG-06	602	1-43 , 2-43 , 3-43
2573	MG-06	630	4-43 , 5-43
4642	MG-06	702	6-43
2574	MG-06	738	7-43
4643	MG-06	788	8-43
4644	MG-06	840	9-43
2156	MG-06	888	10-43, 11-43
4645	MG-06	922	12-43
4646	MG-06	942	13-43, 14-43

Punnsneið nr.	Hola	Dýpi (m)	Myndir
4647	MG-06	988	15-43
4648	MG-06	1020	16-43
2575	MG-06	1112	18-43, 19-43
4649	MG-06	1202	17-43
2576	MG-06	1226	20-43, 21-43
4650	MG-06	1246	22-43
2157	MG-06	1374	23-43, 1-44 , 2-44 , 3-44
2158	MG-07	70	4-44 , 5-44
4653	MG-07	194	1-45
4654	MG-07	226	6-44
2577	MG-07	286	7-44 , 8-44
4655	MG-07	346	12-44
2578	MG-07	358	9-44 , 10-44, 11-44
4656	MG-07	502	13-44, 14-44
2159	MG-07	550	15-44, 16-44
4657	MG-07	634	17-44, 18-44
2579	MG-07	668	19-44, 20-44
2580	MG-07	720	21-44, 22-44
2160	MG-07	802	23-44
4658	MG-07	870	24-44
4659	MG-07	904	25-44, 2-45
4660	MG-07	960	3-45 , 4-45
4661	MG-07	1020	5-45
4662	MG-07	1060	6-45 , 7-45
4663	MG-07	1188	8-45 , 9-45
2581	MG-07	1300	10-45, 11-45
2161	MG-07	1460	12-45, 13-45
4664	MG-07	1482	14-45
2162	MG-08	160	4-4 , 24-4 , 15-45, 16-45, 17-45
4665	MG-08	218	18-45, 19-45
2582	MG-08	384	20-45, 21-45, 22-45
2583	MG-08	446	23-45, 24-45
4666	MG-08	456	25-45
4667	MG-08	474	1-46 , 2-46
2163	MG-08	532	3-46 , 4-46 , 5-46
4668	MG-08	692	6-46 , 7-46
2584	MG-08	734	8-46 , 9-46
4669	MG-08	812	10-46
2164	MG-08	942	11-46, 12-46
2585	MG-08	1184	13-46, 14-46
4670	MG-08	1226	15-46, 16-46
4671	MG-08	1282	17-46
4672	MG-08	1444	18-46
4673	MG-08	1480	19-46
2165	MG-08	1546	20-46, 21-46, 22-46



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verknr. 710010

**ÞUNNSNEIÐALÝSINGAR OG MYNDIR
FRÁ HOLUM Á SUÐUR-REYKJUM
o.fl. holum í eigu Hitaveitu Reykjavíkur
Hefti 7
Holur MG-9, MG-10, MG-11 og MG-12**

Jens Tómasson

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-96011/JHD-05 B

Febrúar 1996

EFNISYFIRLIT

1. ÞUNNSNEIÐALÝSINGAR

1.1 Þunnsneiðalýsingar frá MG-09	3
1.2 Þunnsneiðalýsingar frá MG-10	9
1.3 Þunnsneiðalýsingar frá MG-11	11
1.4 Þunnsneiðalýsingar frá MG-12	14

Myndir frá holum MG-09, MG-10, MG-11 og MG-12

VIÐBÆTIR I. Skalar	17
--------------------	----

VIÐBÆTIR II. Þunnsneiðar og myndaskrá	25
---------------------------------------	----

1. PUNNSNEIÐALÝSINGAR

1.1 Punnsneiðalýsing frá MG-09

Punnsneið nr. 1802, MG-09, dýpi 8.0 m.

Mest brotkorn frá fersku ólivínþóleiútbasalti (mynd 23.46). Punkttalning: fínt basalt (15%), meðalgróft (32%), gróft (4%), hlutkristallað basalt (3%), takkylít (10%), ummyndað siderómelan (21%), ferskt siderómelan (1%), ummyndun í basalti (2%), zeolítar (6%), kvars og analsímspor, set (2%). Þetta er frá jökulbergi, það hefur sennilega verið ferskt gler (2%). Holufyllingar: kabasít, tomsónít, kvars og analsím.

Punnsneið nr. 1803, MG-09, dýpi 14.0 m.

Jökulset (myndir 24.46 og 1.47). Punkttalning: fínt basalt (8%), meðalgróft (6%), gróft (2%), hlutkristallað (1%), takkylít (2%), ummyndað siderómelan (15%), leirummyndun í basalti (3%), set (60%), zeolítar (2%), kalsít (1%), analsím spor. Setið er eðjugrunnur með molum af basalti o.fl. dreifikornum í eðjugrunninum (mynd 1.47). Holufyllingar: tomsónít, kabasít, kvars, kalsít og vottur af analsími.

Punnsneið nr. 1804, MG-09, dýpi 26.0 m.

Mismunandi gróft basalt, túff og set (mynd 2.47). Punkttalning: fínt basalt (15%), meðalgróft (16%), leirummyndun í basalti (8%), takkylít (8%), plagíóklas (1%), siderómelan (28%), set (4%), zeolítar (8%) og analsím (1%). Eins og kemur fram í talningunni er verulegur hluti pyroxengrunnmassans farinn yfir í grænan leir (mynd 3.47). Holufyllingar: kabasít, tomsónít, analsím og vottur af mesólíti.

Punnsneið nr. 1805, MG-09, dýpi 74.0 m.

Mest finkristallað basalt með misstórum plagíóklaslistum, þóleiútbasalt (mynd 4.47), brotkornum frá ólivínþóleiúti (mynd 1.8). Í ólivínþóleiútinu sjást spor eftir ólivín (mynd 1.8). Punkttalning: fínt basalt (49%), meðalgróft (11%), gróft (2%), leirummyndun í basalti (11%), hlutkristallað (1%), takkylít (9%), ummyndað siderómelan (8%), set (2%) (mynd 2.8), kalsít (1%), zeolítar (4%), analsímspor. Einnig finnast spor af fersku sideromelani (mynd 5.47). Holufyllingar: stílbít, kabasít, kalsít, epistílbít, analsím.

Punnsneið nr. 1806, MG-09, dýpi 94.0 m.

Sennilega aðallega takkylít dreifikorn sem eru bæði stærri og minni en brotkornastærðin (myndir 6.47 og 4.8). Punkttalning: fínt basalt (13%), leirummyndun í basalti (1%), takkylít (65%), ummyndað siderómelan (3%), zeolítar (17%) og analsím og kalsít (1%). Bindiefni í setinu er zeolítar og analsím (mynd 7.47). Holufyllingar og bindiefni: stílbít, analsím, kabasít og kalsít, (e.t.v. epistílbít).

Punnsneið nr. 1807, MG-09, dýpi 104.0 m.

Fínt basalt, þóleiútbasalt (myndir 8.47 og 3.8). Punkttalning: fínt basalt (72%), meðalgróft spor, leirmyndun í basalti (7%), takkylít (7%), ummyndað siderómelan (9%), set (1%), zeolítar (3%), kalsít spor. Setið er settúff (mynd 9.47). Holufyllingar: stílbít, heulandít, kabasít og kalsít.

Þunnsneið nr. 1808, MG-09, dýpi 134.0 m.

Mismunandi brotkorn, tvennskonar basalt og brotkorn frá millilagi (mynd 10.47). Punkttalning: fínt basalt (35%), meðalgróft (9%), gróft (1%), leirmyndun í basalti (10%), takkylít, ummyndað siderómelan (26%), set (3%), kalsít (2%) og zeolítar (2%). Setið er bæði eðjuset og settúff, sumsstaðar sjást eðjusetstæjur á fína basaltinu (mynd 11.47), einnig er talsvert af takkylíti í settúffinu (mynd 12.47). Holufyllingar: heulandít, kvars og kalsít.

Þunnsneið nr. 1809, MG-09, dýpi 162.0 m.

Þetta er móbergssset (mynd 13.47). Punkttalning: fínt basalt (6%), meðalgróft (6%), gróft (3%), takkylít (10%), siderómelan (35%), settúff (20%), ferskt siderómelan (3%), ummyndun í basalti (1%), kalsít (1%), zeolítar (4%)(mynd 5.8). Rökin fyrir því að þetta sé allt saman set er að dreifikornin í settúffinu eru takkylít og siderómelan (mynd 14.47) og tæjur af settúffi sjást einnig á takkylít og siderómelan brotkornum. Holufyllingar og bindiefni: kabasít, analsím, kalsít og sem bindiefni er einnig grænn leir (mynd 14.47).

Þunnsneið nr. 1810, MG-09, dýpi 198.0 m.

Blöðrótt túff (mynd 15.47). Punkttalning: ummyndað siderómelan (86%), takkylít (1%), kalsít (1%) og zeolítar (13%). Ummyndun: allt gler er farið yfir í grænt palagónít og hluti yfir í þráðóttan leir með háu tvíbroti (myndir 16.47 og 17.47), þessi þráðótti leir gæti verið ummyndað, þ.e. súrt gler. Holufyllingar: heulandít, mesólít, stílbít, kvars og kalsít.

Þunnsneið nr. 1811, MG-09, dýpi 220.0 m.

Þetta er sennilega set þar sem dreifikornastærðin er bæði minni og stærri en brotkornastærðin og dreifikornin eru bæði gler og basalt (mynd 18.47) og brotkorn af mismunandi basalti hafa tæjur af seti (myndir 19.47 og 20.47). Holufyllingar: stílbít, heulandít, kabasít, kalsít og vottur af kvarsí.

Þunnsneið nr. 1812, MG-09, dýpi 240.0 m.

Túff og settúff (mynd 21.47), einnig eru nokkur basaltbrotkorn. Punkttalning: fínt basalt (4%), meðalgróft (2%), gróft (1%), takkylít (10%), ummyndað siderómelan (72%), hlutkristallað (1%), ummyndun í basalti (1%), kalsít (2%), zeolítar (8%), analsím (1%). Ummyndun: allt siderómelan er farið yfir í grænt palagónít og hluti palagóníts er farinn yfir í grænan leir (mynd 22.47). Holufyllingar og bindiefni (mynd 22.47): stílbít, analsím, kalsít, kvars og vottur af ópal.

Þunnsneið nr. 1813, MG-09, dýpi 260.0 m.

Mest fínt til meðalgróft basalt (mynd 23.47). Líklega er þetta á mörkum þóléiúts og ólívínþóléiúts. Punkttalning: fínt basalt (7%), meðalgróft (54%), gróft (1%), leirumyndun í basalti (20%), takkylít (2%), ummyndað siderómelan (13%), set (3%), kalsít (2%), zeolítar (2%) og analsím spor. Ummyndun er misjöfn frá einu brotkorni til annars og pyroxen er bæði ummyndað yfir í grænan leir með lágu, klórít og með háu tvíbroti, smektít (mynd 24.47) sem gæti jafnvel verið spor e.t.v. ólívín. Holufyllingar: stílbít, heulandít, kalsít, analsím og vottur af kvarsí.

Punnarneið nr. 1814, MG-09, dýpi 380.0 m.

Þetta virðist vera set en það er tvennskonar set, eðjuset og settúff. Eðjusetið er einnig bindiefni í grófara seti (mynd 25.47). Dreifikornin í setinu eru bæði basalt og gler, einnig er talsvert af steindum plagíóklas og pyroxen, sérstaklega í eðjusetinu (mynd 1.48). Holufyllingar: heulandít, stílbít, kalsít, pyrít, járnnoxíð og vottur af kvarsi.

Punnarneið nr. 1815, MG-09, dýpi 448.0 m.

Blöðrótt túff og settúff. Settúffið fer stundum yfir í eðjuset og/eða eðjuset grunn sem er þá bindiefni (mynd 2.48). Ummyndun: verulegur hluti glersins er farinn yfir í grænan leir með mishátt tvíbrot (mynd 4.48). Holufyllingar: stílbít, analsím, kalsít, kvars, heulandít, prenit (mynd 3.48), pyrít og járnnoxíð, pyrít -> járnnoxíð.

Punnarneið nr. 1816, MG-09, dýpi 462.0 m.

Þetta eru tvennskonar brotkorn, þ.e. brotkorn frá móbergi oft setlegt, og basaltbrotkorn sem geta einnig verið frá móberginu því það eru tæjur af móbergi (móbergsseti) á basaltbrotkornum (mynd 5.48) og nokkur brotkorn sem eru mest eðjuset (mynd 6.48). Punkttafning: fínt basalt (6%), meðalgróft (15%), gróft (6%), hlutkristallað basalt (6%), takkylít (19%), leirumyndun í basalti (9%), ummyndað siderómelan (26%), set (3%), kalsít (2%) og zeolítar (6%). Holufyllingar: mesólít, kalsít, analsím, kvars, stílbít, pyrít og járnnoxíð, pyrít -> járnnoxíð. Ummyndun: talsverð ummyndun er á plagíóklas í grófara hluta basaltsins, bæði ummyndun yfir í zeolíta og einnig kalsítumyndun eins og á mynd 7.48.

Punnarneið nr. 1817, MG-09, dýpi 490.0 m.

Blanda af basalti og móbergi (mynd 8.48). Punkttafning: fínt basalt (6%), meðalgróft (38%), gróft (2%), leirumyndun í basalti (11%), hlutkristallað (3%), takkylít (7%), ummyndað siderómelan (20%), set (1%), kalsít (5%), zeolítar (6%), ópal- og kalsedón spor. Holufyllingar: kalsít, laumontít, mesólít, kalsedón, stílbít, kvars, járnnoxíð og vottur af pyríti.

Punnarneið nr. 1818, MG-09, dýpi 510.0 m.

Túff og settúff (mynd 9.48). Bindiefni er mest analsím ásamt zeolítum (myndir 10.48 og 11.48). Ummyndun: meginhluti glersins er ummyndaður yfir í grænan leir með lágu tvíbroti (myndir 10.48 og 11.48), en nokkuð er af leir með háu tvíbroti, blandlag? Lítið af holufyllingum, langmest kalsít, auk þess finnst kvars, analsím og vottur af mesólíti.

Punnarneið nr. 1819, MG-09, dýpi 560.0 m.

Gróft ferskt basalt frá dólérítgangi og brotkorn frá móbergi (mynd 12.48). Punkttafning: fínt basalt (8%), meðalgróft (12%), gróft (22%), leirumyndun í basalti (12%), hlutkristallað (3%), takkylít (3%), rautt járnnoxíð og takkylít (3%), ummyndað siderómelan (34%), set (2%), kalsít (2%), zeolítar (3%). Holufyllingar: kalsít, laumontít, kvars, járnnoxíð og pyrítagnir í kvarsi.

Punnarneið nr. 1820, MG-09, dýpi 620.0 m.

Langmest finkristallað plagíóklasdílótt basalt (mynd 13.48). Punkttafning: fínt basalt (40%), meðalgróft (1%), gróft (1%) leirumyndun í basalti (14%), plagíóklas (6%), takkylít (44%), ummyndað siderómelan (14%), set spor, kalsít (4%), zeolítar (4%) og kvars (1%). Ummyndun: plagíóklasdílarnir eru talsvert ummyndaðir, bæði að fara yfir í zeolíta og kalsít (mynd

14.48). Einnig finnst kvars eða albítummyndun í plagíóklas og verulegur hluti af pyroxengleri í grunnmassanum er farinn yfir í grænan leir. Holufyllingar: kalsít, mesólít, stilbít, zeólít, kvars, pyrít og járnnoxíð sem er aðallega limonít sem finnst í holum, einnig virðist það stundum vera að éta sig inn í bergið (mynd 15.48). Einnig sést járnnoxíð sem er ferkantað, gæti verið oxidering af pyríti (mynd 15.48).

Þunnsneið nr. 1821, MG-09, dýpi 660.0 m.

Fínt basalt misjafnlega glerjað og ummyndað (mynd 16.48). Punkttalning: fínt fersklegt basalt (15%), fínt glerjað basalt (8%), fínt basalt þar sem allur pyroxenglergrunnmassi er farinn yfir í leir (52%), leirumyndun í basalti (7%), meðalgróft (1%), plagíóklas (1%), kalsít (8%), zeolítar (4%), kvars (4%). Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, stilbít, zeolítar, pyrít og járnnoxíð.

Þunnsneið nr. 1822, MG-09, dýpi 822.0 m.

Mest takkylít og laumontít (mynd 17.48). Punkttalning: fínt basalt (3%), meðalgróft (3%), gróft 1%), leirumyndun í basalti (2%), takkylít (38%), ummyndað siderómelan (24%), kalsít (11%), zeolítar (13%), kvars (3%) og pyrít spor. Ummyndun: takkylítið er rautt að sjá í áfallandi ljósi sem þýðir að magnetítagnirnar í takkylítinu hafa farið yfir í laumontít, siderómelanið og grunnmassinn í fína basaltinu er farinn yfir í leir með lágu tvíbroti, klórít, en einnig finnst leir með háu tvíbroti (mynd 18.48), blandlag. Holufyllingar: kalsít, laumontít, kvars, stilbít (zeolítar), (heulandít), limonít og pyrít.

Þunnsneið nr. 1823, MG-09, dýpi 852.0 m.

Greinilega mest brotkorn frá dóléríti (mynd 19.48). Punkttalning: fínt basalt (1%), meðalgróft (2%), gróft (28%), plagíóklas (14%), pyroxen (4%), klórítumyndun í basalti (9%), hlutkristallað basalt (1%), takkylít (5%), ummyndað siderómelan (29%), set (1%), kalsít (5%), zeolítar (3%) og kvars (1%). Ummyndun: nokkuð af pyroxeni í dólérítinu er farið yfir í grænan leir með háan pleóklórísma og hátt tvíbrot (mynd 20.48). Holufyllingar: kalsít, laumontít, kvars og járnnoxíð.

Þunnsneið nr. 1824, MG-09, dýpi 888.0 m.

Móberg (mynd 21.48). Punkttalning: fínt basalt (2%), meðalgróft (4%), gróft (1%), plagíóklas (6%), pyroxen (2%), leirumyndun í basalti, hlutkristallað basalt (6%), takkylít (14%), ummyndað siderómelan (52%), kalsít (8%), zeolítar (6%), epidót (1%), kvars (1%). Ummyndun: hluti glersins er farinn yfir í grænan leir með lágu tvíbroti (myndir 22.48 og 23.48). Holufyllingar: kalsít, stilbít, laumontít, kvars, epidót, járnnoxíð, vottur af pyríti og preníti (mynd 23.48).

Þunnsneið nr. 1825, MG-09, dýpi 900.0 m.

Móberg (myndir 24.48 og 25.48). Punkttalning: fínt basalt (12%), meðalgróft (2%), gróft (5%), leirumyndun í basalti (8%), hlutkristallað (5%), pyroxen (1%) (mynd 26.48), takkylít (5%), ummyndað gler (43%), kalsít (7%), zeolítar (11%), kvars (2%) og epidót og járnnoxíð.

Þunnsneið nr. 1826, MG-09, dýpi 910.0 m.

Móberg (myndir 1.49 og 2.49). Punkttalning: fínt basalt (2%), meðalgróft (8%), gróft (2%), leirmyndun í basalti (5%), hlutkristallað (2%), takkylít (7%), ummyndað gler (62%), set spor,

zeolítar (7%), kalsít (6%), kvars spor og epidót spor. Holufyllingar: kalsít, stilbít, kvars, laumontít, epidót, vottur af pyrít og leir með háu tvíbroti.

Þunnsneið nr. 1827, MG-09, dýpi 920.0 m.

Móberg (mynd 4.49) mjög svipað sneiðinni fyrir ofan. Punkttalning: fínt basalt (3%), meðalgróft (5%), gróft spor, hlutkristallað basalt (1%), plagíóklas (1%), pyroxen spor, takkylít (6%), ummyndað gler (53%), leirummyndun í basalti (8%), set (1%), kalsít (4%), zeolítar (8%), kvars (2%). Ummyndun: meginhluti siderómelangersins er ummyndaður yfir í grænan leir, en það sést ekki nema notuð sé keilulinsa. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, stilbít, epidót (mynd 5.49), pyrít og járnnoxíð.

Þunnsneið nr. 1828, MG-09, dýpi 930.0 m.

Mest meðalgróft til gróft basalt ásamt móbergi (mynd 6.49). Þetta er frá dólerískum gangi. Punkttalning: fínt basalt (4%), meðalgróft (13%), gróft (28%), leir ummyndun í basalti (8%), hlutkristallað basalt (5%), plagíóklas (1%), pyroxen (1%), takkylít (2%), ummyndað gler (30%), kalsít (4%) og zeolítar (5%). Ummyndun er fremur lítil í dólerítinu, en nokkur hluti pyroxensins er farinn yfir í grænan leir með mishátt tvíbrott, klórít og blandlag. Leir ummyndunin nær inn í plagíóklasinn en einnig er zeolít ummyndun í plagíóklas (mynd 7.49). Holufyllingar: kalsít, laumontít, analsím, kvars og pyrít í nokkrum mæli (mynd 7.49).

Þunnsneið nr. 1829, MG-09, dýpi 968.0 m.

Blanda af tvenns konar basalti og brotkornum (mynd 8.49) sem gætu verið komin frá móbergi eða millilögum. Punkttalning: fínt basalt (3%), meðalgróft (9%), gróft (13%), leirummyndun í basalti (6%), hlutkristallað basalt (2%), takkylít (9%), ummyndað gler (43%), ummyndaður plagíóklas (2%), kalsít (4%) og zeolítar (5%). Holufyllingar: kalsít, laumontít, zeolítar, kvars, pyrít og epidót.

Þunnsneið nr. 1830, MG-09, dýpi 1130.0 m.

Mismunandi brotkorn frá móbergi, basalti og holufyllingum (myndir 20.49 og 21.49). Punkttalning: fínt basalt (1%), meðalgróft (7%), gróft (5%), hlutkristallað basalt (2%), takkylít (6%), plagíóklasspor, ummyndaður plagíóklas (1%), ummyndað siderómelan (62%), leirummyndun í basalti (6%), set (1%), kalsít (6%), zeolítar (3%) og kvars (1%). Meginhluti siderómelansins er ummyndaður yfir í leir með lágu tvíbroti, einnig sést kalsítummyndun í gleri (mynd 21.49), en pyroxen í grófari hluta basaltsins er ummyndaður yfir í grænan leir með háu tvíbroti, illít (blandlag) (mynd 20.49). Holufyllingar: kalsít, laumontít, kvars, mordenít, analsím, pyrít, vottur af epidóti og preníti (mynd 21.49). Eitt korn sem var mjög líkt preníti nema það var mjög mikill pleóklórismi frá hvítu til græns pumplit?

Þunnsneið nr. 1831, MG-09, dýpi 1132.0 m.

Mest túff og holufyllingar (myndir 22.49 og 25.49). Punkttalning: fínt basalt (1%), meðalgróft (2%), gróft (1%), takkylít (4%), leirummyndun í basalti (2%), ummyndað gler (77%), set (1%), ummyndað plagíóklasspor, kalsít (5%), zeolítar (5%), kvars (2%) og vottur af epidóti. Ummyndun: verulegur hluti glersins er ummyndaður yfir í palagónít, grænan leir og brúnan leir (mynd 24.49) og einnig er bæði kalsít og kvars ummyndun af gleri (myndir 25.49 og 22.49). Holufyllingar: kalsít, laumontít, kvars, mordenít, pyrít, vottur af epidóti og preníti (mynd 23.49), kvars, preníti holufylling.

Þunnsneið nr. 1832, MG-09, dýpi 1134.0 m.

Mest móberg með nokkuð af basalti og holufyllingum. Þetta er mjög svipað og í sneiðunum fyrir ofan (mynd 1.50). Punkttalning: fínt basalt (1%), meðalgróft (5%), gróft (2%), hlutkristallað basalt, leirmyndun í basalti, takkylít (3%), ummyndað gler (69%), set (1%), kalsít (4%), zeolítar (3%), kvars (3%). Setið er bæði settúff og lagskipt eðjuset (mynd 1.50). Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, stílbít, pyrít, analsím, vottur af epidóti.

Þunnsneið nr. 1833, MG-09, dýpi 1144.0 m.

Mest brotkorn frá móbergi (mynd 2.50). Punkttalning: fínt basalt (2%), meðalgróft (5%), gróft (3%), hlutkristallað basalt (1%), leirumyndun í basalti (5%), takkylít (2%), ummyndað gler (72%), plagióklas (1%), set spor, kalsít (3%), zeolítar (2%), kvars (3%). Setið er bæði settúff og eðjuset. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, zeolítar, prenit og vottur af epidóti.

Þunnsneið nr. 1834, MG-09, dýpi 1402.0 m.

Mest brotkorn frá grófu basalti, dólerít (mynd 3.50). Punkttalning: fínt basalt (2%), meðalgróft (27%), gróft (23%), leirumyndun í basalti (10%), hlutkristallað basalt spor, plagióklas (1%), pyroxen (1%), ummyndað gler (27%), set spor, kvars (1%), zeolítar (3%), kalsít (1%), epidót spor, prenit spor. Holufyllingar: kvars, kalsít, stílbít, zeolítar, epidót, prenit og pyrít. Á mynd 4.50 er stílbít, prenit, epidót holufylling.

Þunnsneið nr. 1835, MG-09, dýpi 1524.0 m.

Brotkorn frá dóleríti og móbergi (mynd 5.50). Punkttalning: fínt basalt (4%), meðalgróft (28%), gróft (10%), leirumyndun í basalti (8%), hlutkristallað basalt (4%), takkylít (5%), ummyndað gler (38%), kalsít (1%), zeolítar (2%), epidót spor og prenitspor. Holufyllingar: kalsít, stílbít, skólesít, kvars, prenit og epidót. Epidót og prenit finnast í sama brotkorni. Þá virðist epidót myndað á eftir prenit, normal röðun. Ummyndun: Pyroxen í basalti ummyndast á tvennan hátt yfir í klórít og illít.

Þunnsneið nr. 1836, MG-09, dýpi 1582.0 m.

Mest frá dóleríti (mynd 6.50). Punkttalning: fínt basalt (1%), meðalgróft (11%), gróft (41%), plagióklas (6%), pyroxen (7%), leirumyndun í basalti (5%), takkylít (6%), ummyndað gler (18%), kalsít (1%), zeolítar (2%), kvars-, epidót- og prenit spor. Ummyndun: pyroxen er ummyndaður í tvennskonar leir, grænan með háu tvíbroti (mynd 7.50), illít og klórít. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, epidót, prenit og anhydrít.

Þunnsneið nr. 1837, MG-09, dýpi 1592.0 m.

Fannst ekki, en búið er að punkttelja í sneiðinni.

Þunnsneið nr. 1948, MG-09, dýpi 1602.0 m.

Langmest misgróft basalt (mynd 8.50). Punkttalning: fínt basalt (11%), meðalgróft (46%), gróft (7%), leirumyndun í basalti (5%), hlutkristallað basalt (2%), takkylít (3%), ummyndað gler og glerkennt basalt (21%), kalsít (1%), zeolítar (1%), kvars (1%) og prenit spor. Kvars er heldur meira en kemur fram í talningunni en zeolítar minna vegna þess að það er kvars með zeolítum. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, zeolítar og prenit, leir, klórít og vottur af illíti.

Þunnsneið nr. 1949, MG-09, dýpi 1774.0 m.

Blanda af basalti og móbergi (mynd 9.50), einnig sést epidót og prenítt (mynd 10.50). Punkttalning: fínt basalt (3%), meðalgróft (25%), gróft (8%), leirummyndun í basalti (11%), hlutkristallað (1%), takkylít (6%), ummyndað siderómelan (35%), kalsít (1%), zeolítar (1%), kvars (1%), epidót (5%), prenítt (2%). Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, epidót, prenítt og pyrít, leir, klórít, vottur í leir.

Þunnsneið nr. 1950, MG-09, dýpi 1780.0 m.

Mest basalt, einnig brotkorn frá móbergi og holufyllingar (mynd 11.50), lík sneiðinni fyrir ofan. Ummyndun: hluti pyroxensins er ummyndaður yfir í klórít, einnig er eitthvað af blandlögum. Plagíóklas er víða svolítið ummyndaður, en mest eru það dýlar frá gleri (mynd 12.50) þar sem allar tvíburamyndanir eru horfnar, albít og leir. Holufyllingar: kalsít, laumontít, stilbít, kvars. Mikið er af epidóti, preníti og pyríti.

1.2 Þunnsneiðalýsing frá MG-10

Þunnsneið nr. 2166, MG-10, dýpi 94.0 m.

Mest fínt basalt, þóleiúbasalt (mynd 7.51), svolítið ummyndað smektít (mynd 8.51). Punkttalning: fínt basalt (47%), meðalgróft (10%), leirummyndun í basalt (18%), hlutkristallað basalt (8%), ummyndað siderómelan (12%), set spor, kalsít (2%), zeolítar (2%). Holufyllingar: kalsít, stilbít, heulandít og kvars spor.

Þunnsneið nr. 4682, MG-10, dýpi 120.0 m.

Langmest fínt basalt, svolítið misgróft, þó allt þóleiúbasalt (mynd 9.51). Ummyndun er kringum blöðrur (mynd 9.8), einnig er hluti pyroxens og glers → smektít. Sumsstaðar eru stórar smektítaskellur eins og á mynd 8.8, sem getur verið ummyndun af sprungnu basalti eða jafnvel set. Lítið af holufyllingum: stilbít, epistilbít, mesólít, heulandít og kalsít.

Þunnsneið nr. 4683, MG-10, dýpi 128.0 m.

Fínt basalt mest glerkennt (mynd 10.51). Holufyllingar: mesólít, stilbít, kalsít.

Þunnsneið nr. 2586, MG-10, dýpi 210.0 m.

Mest fínt basalt, en basalt er bæði misgróft og glerríkt. Einnig er textúrin misjafn, mikið er af holufyllingum: Set og límonít finnast víða, mikil oxun. Þetta er sennilega set þar sem dreifikornastærðin er að mestu stærri en brotkornastærðin (mynd 11.51). Á mynd 12.51 sjást tæjur af zeolítum á basaltbrotkornum. Ummyndun: verulegur hluti pyroxen → smektít (mynd 7.8). Holufyllingar: stilbít, laumontít, mesólít, kalsít, járnoxíð, leir, smektít og klórít.

Þunnsneið nr. 4684, MG-10, dýpi 258.0 m.

Brotkorn frá móbergi eru í millilagi, mest takkylít (mynd 13.51 og 14.51). Ummyndun: verulegur hluti takkylítsins er að mestu óummyndaður. Það er aðeins að byrja leirmyndun, smektít, blandlag? Holufyllingar: laumontít, stilbít, kalsít, járnoxíð og vottur af kvasi og analsími.

Þunnsneið nr. 2167, MG-10, dýpi 276.0 m.

Móberg, mest siderómelan dreifikorn sem eru stærri en brotkornastærðin. (myndir 15.51 og

6.8). Holufyllingar: analsím, stilbít, kvars, kalsít, járnoxíð og pyrít. Leir, klórít, smektít, vottur af illíti í blöðrum.

Þunnsneið nr. 1951, MG-10, dýpi 372.0 m.

Langmest fínt basalt, þóleiítbasalt (mynd 16.51). Punkttalning: fínt basalt (60%), meðalgróft (4%), gróft (1%), leirummyndun í basalti (9%), hlutkristallað (1%), takkylít (5%), ummyndað siderómelan (16%), zeolítar (2%), kalsít (2%), spor af kvarsi og kalsedón. Ummyndun í fína basaltinu er lítil (mynd 17.51). Í blöðrum er mest brúnn smektít, grænn leir finnst einnig, fremur hátt tvíbrotla blandlag. Holufyllingar: kalsít, stilbít, kvars og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 1952, MG-10, dýpi 434.0 m.

Mest meðalgróft til gróft basalt fremur ferskt, gangur (mynd 18.51). Punkttalning: fínt basalt (12%), meðalgróft (42%), gróft (13%), leirummyndun í basalti (8%), hlutkristallað basalt (1%), takkylít (4%), ummyndað siderómelan (12%), kalsít (1%), zeolítar (4%), kvars (1%), járnoxíð (1%) og kalsedónspor. Holufyllingar: stilbít, kalsít, kvars, wairakít (mynd 19.51), mordenít, járnoxíð og vottur af pyríti. Leir, klórít, smektít, illít.

Þunnsneið nr. 2587, MG-10, dýpi 496.0 m.

Virðist mest vera brotkorn frá seti, en hluti setdreifikorna eru stærri en brotkornastærðin, einkum basalt og takkylít (mynd 22.51). Einnig er nokkuð af brotkornum frá dóleríti. Setið er misgróft, mest virðist af basalt dreifikornum sem eru stærri en brotkornastærðin en oftast þó mjög nærri brotkornastærðinni því algengar eru settæjur á þeim og stundum setkragi kringum kornið (mynd 24.51), en einnig finnst settúff og stöku eðjuset brotkorn. Holufyllingar: kalsít, kvars, stilbít, laumontít, járnoxíð og vottur af pyroxen. Leir klórít, smektít. Plagíóklas hefur ummyndast yfir í zeolíta (mynd 23.51) og leir.

Þunnsneið nr. 2168, MG-10, dýpi 532.0 m.

Þetta virðist vera brotkorn frá seti og tveimur basaltlögum (mynd 25.51). Þó gæti verið að verulegur hluti basaltsins væri einnig frá seti. Holufyllingar: kvars, kalsít, epistilbít (mynd 26.51), laumontít, járnoxíð og vottur af pyríti.

Þunnsneið nr. 4685, MG-10, dýpi 596.0 m.

Mest fínt glerkennt mjög ummyndað basalt. Sneiðin er of þykk (mynd 20.51). Ef tekin er mynd þar sem sneiðin er þynnst, kemur allt annað út (mynd 21.51). Þetta er ummyndað fínkristallað berg. Holufyllingar: laumontít, stilbít, kalsít, kvars, mesólít. Leir klórít.

Þunnsneið nr. 1953, MG-10, dýpi 640.0 m.

Mest brotkorn frá móbergi og nokkur frá basalti (mynd 1.52). Punkttalning: fínt basalt (5%), meðalgróft (12%), gróft (1%), leirummyndun í basalti (4%), takkylít (8%), ummyndað siderómelan (59%), plagíóklas (1%), pyroxen (3%), kalsít, zeolítar (5%), analsím (1%) og kvarsspor. Holufyllingar: kalsít, kvars, stilbít, laumontít, wairakít, analsím, pyrít og járnoxíð, klórít, illít.

Þunnsneið nr. 1954, MG-10, dýpi 650.0 m.

Mest brotkorn frá móbergi (myndir 2.52 og 3.52), einnig nokkuð af misgröfu basalti. Punkttalning: fínt basalt (7%), meðalgróft (10%), gróft (12%), plagíóklasspor, pyroxen (3%),

leirummyndun í basalti (5%), hlutkristallað (1%), svart gler (10%), ummyndað siderómelan (51%), kalsít (5%), zeolítar (5%), analsím (1%), kvars (1%). Dreifikornastærðin í móberginu er yfirleitt stærri en brotkornastærðin (mynd 3.52) en einnig sést settúff og einnig basalt dreifikorn í leirmassa (mynd 4.52). Glerið er langmest ummyndað yfir í klórít, á mynd 4.52 er sennilega oxun blandlags. Holufyllingar: kalsít, kvars, stilbít, analsím, laumontít, mesólít, pyrít og járnoxíð. Klórít blandlag?

Þunnsneið nr. 1955, MG-10, dýpi 728.0 m.

Langmest túff og settúff (mynd 5.52). Punkttalning: fínt basalt (4%), meðalgróft (6%), gróft (1%), leirmyndun í basalti (2%), hlutkristallað basalt (2%), takkylít (5%), ummyndað siderómelan (69%), kalsít (3%), zeolítar (5%), kvars spor. Holufyllingar: kalsít, kvars (það er meira af kornum en kemur fram í þunnsneiðatalningu), stilbít, mesólít, laumontít, analsím, wairakít og járnoxíð, klórít.

Þunnsneið nr. 2588, MG-10, dýpi 820.0 m.

Móberg, mest takkylít, oft mjög oxað (mynd 6.52). Þetta gæti vel verið frá seti, auk takkylíts er nokkuð af mjög mismunandi basalti. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, stilbít, mesólít, pyrít og járnoxíð.

Þunnsneið nr. 4686, MG-10, dýpi 900.0 m.

Mest mjög fínt glerkennt basalt með nokkrum brotkornum af grófu basalti (myndir 7.52 og 8.52). Það sjást oft á köntunum tæjur af limoníti og seti á brotkornunum (mynd 7.52), set. Fína basaltið gæti verið frá seti, en grófara basaltið er sennilega gangur. Holufyllingar: kalsít, stilbít, kvars, laumontít, pyrít og járnoxíð, klórít, smektít og illít.

Þunnsneið nr. 4687, MG-10, dýpi 1010.0 m.

Brotkorn frá finu basalti og móbergi eða millilagi (mynd 9.52), einnig eru nokkur brotkorn af frekar grófu basalti (mynd 10.52). Holufyllingar: laumontít, kalsít, kvars, stilbít, járnoxíð og vottur af pyríti, klórít, illít?

Þunnsneið nr. 2169, MG-10, dýpi 1042.0 m.

Langmest fínt basalt og þóleiúbasalt (mynd 11.52). Punkttalning: fínt basalt (51%), meðalgróft (5%), gróft (2%), leirummyndun í basalti (4%), hlutkristallað (3%), kalsít spor, zeolítar (1%), analsím (1%), kvars spor, takkylít (3%), ummyndað siderómelan (31%). Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, analsím, pyrít og járnoxíð, klórít, smektít, illít.

1.3 Þunnsneiðalýsing frá MG-11

Þunnsneið nr. 2170, MG-11, dýpi 198.0 m.

Móberg, mest ummyndað siderómelan og hlutkristallað basalt, einnig nokkur basaltkorn (mynd 12.52). Punkttalning: fínt basalt (9%), meðalgróft (6%), leirummyndun í basalti (1%), hlutkristallað basalt (27%) takkylít (5%), ummyndað siderómelan (46%), fersk gler spor, set (1%), kalsít (3%), zeolítar (2%), analsím (2%). Setið er settúff en meginhluti siderómelan dreifikornanna er stærri en brotkornastærðin. Ummyndun: meginhluti siderómelans er farinn yfir í palagónít og að hluta yfir í klórít. Holufyllingar og bindiefni: kalsít, kvars, analsím (hefur

verið talið með zeolítum), stilbít og mesólít, klórít blandlag?

Punnsneið nr. 4688, MG-11, dýpi 246.0 m.

Mest brotkorn frá móbergi (mynd 13.52), takkylít, siderómelan, hlutkristallað. Auk þess nokkur basalt brotkorn. Holufyllingar: analsím, kalsít, stilbít, mesólít, pyrít og vottur af járnnoxíði, oxun af pyríti, klórít, smektít.

Punnsneið nr. 2589, MG-11, dýpi 282.0 m.

Móberg og/eða móbergsset, hlutkristallað basalt, takkylít, settúff, siderómelan (mynd 14.52). Sumt af fína basaltinu virðist vera komið frá seti (mynd 15.52). Mikið af holufyllingum: kalsít, stilbít, kvars, laumontít, wairakít, járnnoxíð og pyrít, klórít, blandlag smektít? zeolít ummyndun af plagióklas (mynd 16.52).

Punnsneið nr. 2590, MG-11, dýpi 399.0 m.

MG-11, 399, 14011 Móberg, siderómelan, settúff, takkylít og nokkur basalt brotkorn (mynd 18.52). Ummyndun: veruleg ummyndun er í glerinu og er það að mestu farið yfir í klórít. Grófu basalt brotkornin eru misjafnlega ummynduð. Sumsstaðar sést aðeins pyroxen í kvars massa (mynd 17.52). Þar sjást einnig spor eftir ólivín. Holufyllingar: kalsít, kvars, laumontít, stilbít, wairakít, epidót (mynd 19.52), járnnoxíð og pyrít.

Punnsneið nr. 4689, MG-11, dýpi 447.0 m.

Móberg, mjög mikið af holufyllingum (mynd 20.52), sprunga. Einnig gæti þetta verið gróft set, bindiefnið væri þessar fyllingar. Það sjást nokkur setkorn, bindiefnið er þar oftast leir. Holufyllingar: stilbít, laumontít, kvars, kalsít, pyrít og járnnoxíð, klórít.

Punnsneið nr. 2171, MG-11, dýpi 456.0 m.

Móberg með nokkrum basaltbrotkornum (mynd 21.52). Punkttalning: fint basalt (6%), meðalgróft (6%) gróft spor, leirumyndun í basalti (1%), hlutkristallað basalt (3%), pyroxen (1%), takkylít, ummyndað siderómelan (54%), set (2%), kalsít (7%), zeolítar (8%) og kvars (2%). Setið er settúff mest með kalsít og leir sem bindiefni (mynd 22.52). Þetta gæti vel verið móbergskent set þar sem dreifikornastærðin er að mestu stærri en brotkornastærðin. Holufyllingar: kalsít, stilbít, kvars, laumontít, analsím, epistilbít, pyrít og járnnoxíð, klórít, illít spor.

Punnsneið nr. 4690, MG-11, dýpi 465.0 m.

Mest fint basalt, einnig er nokkuð af túffi og settúffi (mynd 23.52). Sumt túffið er með kraga af túffkenndu seti (mynd 24.52). Þetta er sennilega basaltlag og set. Holufyllingar: stilbít, laumontít, kalsít, kvarsspor, járnnoxíð, pyrít spor.

Punnsneið nr. 2591, MG-11, dýpi 514.0 m.

